

HÚSÖNDIN

13.tbl. 3.árg.
1. apríl 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir


sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 2. -8. APRÍL

- 2.4. Bartłomiej Marek, Valdimar Ellertsson
- 3.4. Ingólfur I Jónasson, Júlía Katrín Björke, Aron Dagur Ottósson
Marcin Pietrowski
- 5.4. Sigrún Jóhannsdóttir
- 8.4. Ingi Þór Yngvason, Pétur Bjarni Gíslason

Kæru vinir!

Allt helgihald um páska fellur niður vegna samkomubannsins, en ég mun halda áfram að hringja kirkjuklukkum Skútustaðakirkju daglega klukkan tólf á hádegi í þrjár mínútur. Inntak páskanna orðar sr.Petrína Mjöll Jóhannesdóttir vel, er hún segir: „Á göngu lífsins er stundum erfitt að vera til. Oft er erfitt að finna kraftinn til að halda áfram. Guð kemur á móti okkur og tekur okkur að sér. Á erfiðustu stundum lífs okkar þegar Guð virðist svo fjarri er hann nálægari en við höldum. Við erum þá í faðmi hans.“ Fögnum upprisu páskanna í gleði. Sigur lífsins. Gleðilega páska óska ég ykkur.
sr.Örnólfur



Kæru lesendur og viðskiptavinir

Í næstu viku verður Húsöndin í páskafríi og því kemur hún næst út miðvikudaginn 15.apríl. Skilafrestur auglýsinga er til kl.14 þriðjudaginn 14.apríl. Hafid það gott yfir páskana og farið varlega og vel með ykkur.

Kær kveðja, Arnþrúður





Skútustaðahreppur

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir smávirkjun austan þjónustusvæðis í Drekkagili

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 26. febrúar 2020 að auglýsa breytingartillögu á deiliskipulagi fyrir smávirkjun austan þjónustusvæðis í Drekkagili í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ástæða breytingarinnar er að við endanlega hönnun virkjunar reyndist fyrirhuguð staðsetning stíflu ekki hentug og færist hún um u.þ.b. 25m til norðvesturs. Gert er ráð fyrir að stífla verði að hámarki 10m breið, 1,5m há og að lítil tjörn geti myndast ofan við stífluna.

Tillaga að breytingu deiliskipulagsins mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 3. apríl til og með föstudeginum 15. maí 2020. Breytingartillagan er aðgengileg á heimasíðu Skútustaðahrepps:

<http://www.skutustadahreppur.is> undir Skipulagsauglýsingar (efst á forsíðu).

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 15. maí 2020. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið:

gudjon@skutustadahreppur.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

Guðjón Vésteinsson,
skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps.